



**137. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
þriðjudaginn, 11. október, 2005, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá:

- 1. Fulltrúar skíðadeildar Umf. Tindastóls mæta á fundinn.**
- 2. Starfsmannamál.**
- 3. Væntanlegur vaxtasamningur á Norðurlandi vestra.**
- 4. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

- 1. Fulltrúar skíðadeildar Umf. Tindastóls mæta á fundinn.**

Mættur er Viggó Jónsson f.h. skíðadeildarinnar. Kynnti hann starfsemi skíðadeildarinnar, núverandi stöðu og framtíðarhorfur. Rætt var um samvinna við sveitarfélögin í Húnavatnssýslu hvað skíðasvæðið Tindastól varðar.

Fulltrúi skíðadeildarinnar vék af fundi að loknum þessum lið.

- 2. Starfsmannamál.**

Kynntar voru umsóknir sem bárust vegna umsjónarmanns tæknideildar sbr. auglýsingu í síðustu viku. Alls bárust 4 umsóknir. Frestað til næsta fundar bæjarráðs.

- 3. Væntanlegur vaxtasamningur á Norðurlandi vestra.**

Bæjarstjóri greindi frá fundi fulltrúa iðnaðarráðuneytis, Byggðastofnunar, SSNV og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem haldinn var hinn 7. október sl. Fundarefni var upphafsskref væntanlegs vaxtasamnings fyrir Norðurland vestra.

- 4. Önnur mál.**

a. Mættur er Gunnar Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri Norðuróss ehf. til viðræðna um sjávarútvegsmál á Blönduósi. Umræður urðu um málið. Gunnar Þór vék af fundi að loknum þessum lið.

b. Fundur verður haldinn í Veiðifélagi Laxár á Ásum, nk. laugardag 15. október 2005 að Þverbraut 1, Blönduósi, kl. 14:00. Bæjarráð sæki fundinn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:30.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)